

Nd.

420. Breytingartillögur

við frv. til laga um útrýming fjárkláða.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson, Pjetur Ottesen, Jón Kjartansson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í ársbyrjun 1927 skal fara fram almenn kláðaskoðun á öllu sauðfje i landinu.

Leiði skoðunin i ljós, að mikil brögð sjeu að fjárkláða, er atvinnu-málaráðherra heimilt að láta fram fara í árslok 1928 og ársbyrjun 1929 böðun á sauðfje til útrýmingar kláðanum.

Skulu dýralæknar landsins standa fyrir framkvæmdum, hver i sínum fjórðungi, alt undir yfrumsjón dýralæknisins i Reykjavík, og taka þeir sjer aðstoðarmenn eftir þörfum.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Nú kemur það i ljós við hina almennu kláðaskoðun, að einhverjir landshlutar sjeu lausir við kláða, og þarf þá ekki útrýmingarböðun að fara þar fram, ef hlutaðeigandi dýralæknir er því samþykkur.

3. 2. gr. frv. verður 3. gr.

4. Við 3. gr. frv., sem verður 4. gr.

a. Fyrsti málsliður orðist svo:

Nú verða gerðar ráðstafanir til útrýmingar fjárkláða samkv. 1. gr., og skal þá baðað úr góðu kláðabaði þrem böðum, með hæfilegu millibili.

b. 3. málsgrein orðist svo:

Kostnað allan við skoðun og eftirlit með böðuninni greiðir rikissjóður, og auk þess $\frac{2}{3}$ hluta andvirðis baðlyfja og $\frac{2}{3}$ hluta flutningskostnaðar á hafnir. Allan annan kostnað við útrýmingarböðunina greiða fjáreigendur eftir fjártölu, og annast hreppsnefndir og bæjarstjórnir innheimtu. Gjald þetta má taka lögtaki.